



22. júní 2009

**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, HAMAR, 22.  
JÚNÍ 2009**

*FRÉTTATILKYNNING* <sup>(1)</sup>

Ráðherrar EFTA-ríkjanna undirrituðu fríverslunarsamning sem gerður hefur verið við Samstarfsráð Persaflóaríkja. Þeir sögðu fagnaðarefni að fríverslunarsamningur við Kanada hefði verið fullgiltur og að nýlega hefði verið undirrituð sameiginleg yfirlýsing um samstarf við Míritíus. Ráðherrarnir lýstu ánægju með upphaf viðræðna við Úkraínumenn, Serba og Albana. Ráðherrarnir ræddu skref sem nýlega hafa verið stigin til undirbúnings viðræðum um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Rússlands og samþykktu að láta meta hvort raunhæft væri að hefja slíkar viðræður á síðara helmingi ársins 2009. Þeir ákváðu að hefja fríverslunarviðræður við Hong Kong og láta kanna ásamt Víetnam hvort fríverslunarsamningur sé fýsilegur.

Ráðherrar þeirra EFTA-ríkja, sem eiga aðild að EES-samningnum, lýstu ánægju með að Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu og þjónustutíðskiptunin hefðu verið felldar undir samninginn. Þeir kváðu lofsvert hversu farsælega hefði gengið að afgreiða skuldbindingar til úthlutunar úr Þróunarsjóði EES og Þróunarsjóði Norðmanna fyrir tímabilið 2004–2009 og lögðu áherslu á að mikilvægt væri að ljúka sem fyrst viðræðum sem nú standa yfir um fjárframlög í framtíðinni.

Sumarfundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) með ráðherrum aðildarríkjanna fór fram í Hamar í Noregi hinn 22. júní 2009 undir forsæti Sylvia Brustad, viðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs. Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjögurra (Íslands, Noregs, Liechtensteins og Sviss), auk Sheikh Ghazi Bin Said Al Bahar Al Rawas, fyrir hönd Ómans, sem er í forsæti ráðherraráðs Samstarfsráðs Persaflóaríkja, og Abdulrahman Bin Hamad Al-Attiyah, framkvæmdastjóra samstarfsráðsins, undirrituðu fríverslunarsamning EFTA og Samstarfsráðs Persaflóaríkja. Auk Ómans eiga aðild að Samstarfsráði Persaflóaríkja Barein, Kúveit, Katar, Sádí-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin.

### **Efnahagsástand heimsins**

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu áhyggjum af efnahags- og fjármálakreppunni sem þjakar nú ríki heims og hefur valdið ískeyggilegum samdrætti í milliríkjavíðskiptum og fjárfestingum. Þeir sögðu jafnframt miður að orðið hefði vart viðskiptahamlandi ráðstafana sem gætu orðið til þess að dýpka kreppuna og vinna gegn tilraunum stjórn-

<sup>(1)</sup> Óopinber þýðing EFTA-skrifstofunnar úr ensku.

valda til að nota bæði landsbundnar og alþjóðlegar aðgerðir til að örva hagvöxt. Ráðherrarnir sögðust staðráðnir í að forðast hvers kyns ráðstafanir sem hindrað geta fjárfestingar eða viðskipti með vörur og þjónustu, sneiða hjá nýjum útflutningshömlum og draga sem mest úr neikvæðum áhrifum á viðskipti og fjárfestingar af völdum stjórnvaldsaðgerða heima fyrir, þar á meðal skattaráðstafana og aðgerða til stuðnings fjármálastofnunarinnar. Þeir vísuðu til þess að afar miklu skipti að ljúka viðræðulotunni sem kennd er við Doha og nota viðskiptareglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til að stuðla að efnahagsbata í heiminum.

### **Ívilnandi viðskiptasambönd**

Ráðherrar EFTA-ríkjanna staðfestu að vel gengi að framkvæma EFTA-sáttmálann, sem hefur að geyma ákvæði um viðskipti milli aðildarríkjanna fjögurra. Þeir lýstu ánægju með hinn nýja fríverslunarsamning sem gerður hefur verið við Samstarfsráð Persaflóaríkja og bætist við sívaxandi safn ívilnandi viðskiptasambanda EFTA. Nýi samningurinn tekur til viðskipta með vörur jafnt sem þjónustu og opinber innkaup og er til þess fallinn að styrkja tvíhliða viðskipti og fjárfestingasambönd við Miðausturlönd. EFTA hefur nú gert 18 fríverslunarsamninga við 27 ríki.

Ráðherrarnir létu þess getið með ánægju að fríverslunarsamningurinn við Kanada hefur verið fullgiltur og getur því öðlast gildi 1. júlí 2009. Ráðherrarnir sögðu jafnframt fagnaðarefni að undirrituð hefði verið sameiginleg yfirlýsing um samstarf við Míritús hinn 9. júní 2009.

Ráðherrarnir báru lof á vinnuna sem innt hefur verið af hendi undanfarið í því skyni að ljúka fríverslunarsamningi EFTA og Perú og sögðust vænta þess að unnt yrði að undirrita þann samning innan skamms. Þeir lýstu einnig ánægju með hversu vel miðar í viðræðum EFTA og Indverja um víðtækan fríverslunarsamning, en þær viðræður hófust í október 2008, og ítrekuðu vilja sinn til að ljúka samningum sem fyrst. Ráðherrarnir sögðu gleðilegt að viðræður hefðu hafist við Úkraínumenn og Serba í apríl 2009 og við Albana í maí 2009. Markmiðið í viðræðum við Úkraínumenn er að gera víðtækan samning sem tekur meðal annars til vöru- og þjónustuviðskipta, fjárfestinga og hugverkaréttinda. Að því er varðar Serbíu og Albaníu er áherslan á afnám hafta á vöruviðskipti.

Ráðherrarnir ræddu skref sem nýlega hafa verið stigin til undirbúnings viðræðum um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Rússlands og samþykktu að láta meta hvort raunhæft væri að hefja slíkar viðræður á síðara helmingi ársins 2009.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á að mikilvægt væri að styrkja tengslin við mikilvæg viðskiptaríki í Suðaustur-Asíu. Þeir samþykktu að hefja viðræður um víðtækan fríverslunarsamning við Hong Kong og koma á fót sameiginlegum vinnuhópi með Víetnam til að kanna grundvöll fyrir fríverslunarsamningi. Ráðherrarnir létu þess getið að EFTA hefur haldið við samböndum í Indónesíu með það í huga að hefja fríverslunarviðræður áður en langt um líður. Þeir lýstu einnig ánægju með undirbúning að sameiginlegri yfirlýsingu um samstarf við Malasíumenn.

Ráðherrarnir ræddu um stöðu viðræðna við Alsírmenn og lýstu sig reiðubúna að hefja á ný viðræður við Taílandinga. Þeir skiptust á upplýsingum um framgang mála að því er varðaði viðræður einstakra EFTA-ríkja við Kínverja og Japana.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með stöðuskýrslu sérstaks vinnuhóps um viðskipti og umhverfismál og áfangaskýrslu sérstaks vinnuhóps um reglur um vinnumál í fríverslunarsamningum EFTA. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að þessir vinnuhópar EFTA væru mikilvægur þáttur í framlagi samtakanna til þróunar þessara mála á alþjóðavettvangi.

### **Samstarf við Evrópusambandið**

Ráðherrarnir lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að beita samhæfðum og umfangsmiklum aðgerðum til að koma efnahag heimsins á réttan kjöl. Þeir sögðu afar mikilvægt að stuðla að aukinni samlegð, samstöðu og samstarfi á vettvangi Evrópuríkjanna og að helstu forgangsverkefni yrðu að vera þau að efla fjármálakerfið með hæfilega ströngu reglukerfi með gagnsæisregluna að leiðarljósi.

Ráðherrar þeirra EFTA-ríkja, sem eiga aðild að EES-samningnum, vöktu á ný athygli á mikilvægi lagaákvæða á sviði loftslags- og orkumála sem samþykkt voru á vettvangi Evrópusambandsins í desember 2008. Ráðherrarnir lýstu ánægju með framhald hefði orðið á náinni samvinnu við Evrópusambandið á sviði orku- og loftslagsmála, einkum að því er varðaði kerfi viðskipta með losunarheimildir, stuðning við orkuframleiðslutækni og orkusparnað, aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa og bindingu og geymslu kolefnis.

Ráðherrarnir létu þess getið með ánægju að eftirtaldir lagagæringar hefðu verið felldir inn í EES-samninginn:

- Nýsköpunar- og tæknistofnun Evrópu
- Reglugerð um aðgang að flutningskerfum fyrir jarðgas
- Reglugerð um almenna hópundanþágu á sviði ríkisaðstoðar
- Tilskipun um neytendalán
- Kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða
- Evrópskur rammi um menntun og hæfi
- Þjónustutilskipunin
- Löggjöf um lyf

Ráðherrarnir lýstu ánægju með þátttöku EFTA-ríkja, sem eiga aðild að EES, í áætlunum Evrópusambandsins sem hafa gildi fyrir EES. Í mörgum þessara áætlana er mikil áhersla á skapandi hugsun og nýsköpun og þær stuðla að sameiginlegum hagsmunamálum er varða aukna samkeppni og nýsköpun í Evrópu og skipta verulegu máli um efnahagsbata í álfunni. Þeir lögðu einkum áherslu á mikilvægi áætlunarinnar Á skapandi hugsunar og nýsköpunar 2009.

Ráðherrarnir ítrekuðu að mikilvægt væri að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, gætu lagt sitt af mörkum við mótun ákvarðana um EB-löggjöf og áætlanir sem varða EES með þátttöku í viðkomandi nefndum, sérfræðingahópum og sérstofnunum og með því að koma á framfæri svonefndum EES-EFTA-athugasemdum. Í þessu tilliti létu ráðherrarnir þess getið að vegna breytinga á stofnanaskipulagi Evrópusambandsins

yrði að huga sérstaklega að því hvernig ákvarðanaferlið yrði lagað að þessum nýju tegundum stjórnsýslu og að því að tryggja að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, hafi eftir sem áður fullnægjandi aðgang að viðeigandi áætlunum og sérstofnunum.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með hversu farsælega hefði gengið að afgreiða skuldbindingar til úthlutunar úr Þróunarsjóði EES og Þróunarsjóði Norðmanna fyrir tímabilið 2004–2009. Þegar lokafrestur rann út hinn 30. apríl 2009 höfðu verið afgreidd sem samþykkt 1.100 verkefni, áætlanir og sjóðir.

Að því er varðar frekari fjárframlög í framtíðinni lýstu ráðherrarnir ánægju með þann árangur sem þegar hefði náðst í viðræðunum og lögðu áherslu á að mikilvægt væri að ljúka þeim sem fyrst.

### **Endurskipun framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra**

Ráðherrarnir staðfestu endurskipun Kåre Bryn frá Noregi í stöðu framkvæmdastjóra og þeirra Bergdísar Ellertsdóttir frá Íslandi og Didier Chambovey frá Sviss í stöður aðstoðarframkvæmdastjóra til þriggja ára frá 1. september 2009 að telja.

### **Ráðgjafarstofnanir**

Ráðherrarnir héldu fund með tveimur af ráðgjafarstofnunum EFTA sem taka virkan þátt í starfi samtakanna: þingmannanefndinni og ráðgjafarnefndinni, sem er fulltrúi aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum. Þeir áttu gagnleg skoðanaskipti við nefndarmenn um ýmis málefni, meðal annars nýlega framvindu mála í samskiptum EFTA-ríkjanna við ríki utan EES og síðustu atburði á Evrópska efnahagssvæðinu og í samskiptum Sviss og Evrópusambandsins.

### **Eftirtaldir ráðherrar sátu fundinn:**

<i>Noregur:</i>	Sylvia Brustad, viðskipta- og iðnaðarráðherra (stýrði fundi)
<i>Ísland:</i>	Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, ráðherra utanríkisviðskipta
<i>Liechtenstein:</i>	Aurelia Frick, utanríkisráðherra
<i>Sviss:</i>	Doris Leuthard, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins

---